

Netmáli

Rekstur

Skilmálar:	C3
Útgáfa:	2.0
Dags.	15.04.2008

C.3 Skilmálar um öflun og uppgjör vegna varaafls

0. Breytingar frá fyrri útgáfu

- 0.1 Grein 1.1 hefur verið breytt. Hún var áður: „Skilmálar þessir eru settir á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum, og reglugerðum nr. 511/2003 um framkvæmd raforkulaga með síðari breytingum, nr. 1050/2004 um raforkuviðskipti og mælingar, og nr. 513/2003 um kerfisstjórnun í raforkukerfinu.“
- 0.2 Skilgreiningar eru nú í stafrófsröð.
- 0.3 Nýjum skilgreiningum í greinum 2.1, 2.2 og 2.4 hefur verið bætt við.
- 0.4 Grein sem áður hafði númerið 2.2 hefur nú númerið 2.3.
- 0.5 Grein sem áður hafði númerið 2.1 hefur verið breytt og fengið númerið 2.5. Hún var áður: „Varaafli er það afl sem Landsnet grípur til tímabundið vegna rekstrartruflunar í flutningskerfinu.“
- 0.6 Grein sem áður hafði númerið 2.5 hefur verið breytt og fengið númerið 2.6. Í stað varastöð er nú notað varaafsstöð.
- 0.7 Grein sem áður hafði númerið 2.4 hefur verið breytt og fengið númerið 2.7.
- 0.8 Grein sem áður hafði númerið 2.3 hefur verið breytt og fengið númerið 2.8. Hún var áður: „Varastöð er virkjum sem einungis vinnur raforku tímabundið vegna rekstrartruflana eða skipulags viðhalds í flutningskerfinu.“
- 0.9 Nýjum skilgreiningum í greinum 2.9 og 2.10 hefur verið bætt við.
- 0.10 Grein sem áður hafði númerið 2.6 hefur verið breytt og fengið númerið 2.11.
- 0.11 Grein 3.1 hefur verið breytt. Bætt hefur verið aftan við ákvæðið: „**Enn fremur skal tilgreina í þessum samningum umsamið einingargjald á hverja kWh í varaafiskeysru.**“
- 0.12 Bætt hefur verið aftan við grein 3.2.
- 0.13 Nýrri grein 3.3 hefur verið bætt við.
- 0.14 Fyrstu setningu greinar 4.1 hefur verið breytt. Hún var áður: „Varaafllseljandi skal tryggja að varastöð í hans umsjá hafi á hverjum tíma aðgengilegt það varaafli sem um hefur verið samið við Landsnet.“
- 0.15 Fyrstu setningu greinar 4.4 hefur verið breytt. Hún var áður: „Ef varasstöð er ekki tiltæk vegna bilunar eða annarra ófyrirséðra atvika, ber viðkomandi varaafllseljanda að upplýsa stjórnstöð Landsnets um það eins fljótt og unnt er.“

- 0.16 Grein 5.1 hefur verið breytt og greinum 5.2-5.4 bætt við. Grein 5.1 var áður: „Landsnet tekur ákvörðun um vinnslu varastöðva þegar þörf er á vegna rekstrartruflana eða vegna viðhalds í flutningskerfinu.“
- 0.17 Fyrirsögn á 6. kafla hefur verið breytt. Hún var áður: „Notkun varaafls vegna rekstrartruflana í virkjunum.“
- 0.18 Nýrri grein 6.1 hefur verið bætt við. Greinar sem áður höfðu númerin 6.1 og 6.2 hafa nú númerin 6.2 og 6.3.
- 0.19 Grein 6.2 hefur verið breytt. Hún var áður: „Falli virkjun út mun Landsnet svo fljótt sem auðið er útvega varaafli, ef þörf er á í allt að 36 klukkustundir. Í undantekningartilvikum getur vinnsluaðili samið um útvegum varaafls í lengri tíma en 36 klukkustundir. Ekki er tryggt að varaaflið komi að öllu leyti í stað vinnslu virkjunarinnar.“
- 0.20 Grein 7.3 hefur verið breytt. Hún var áður: „Sé gripið til varaafls vegna rekstrartruflana sem urðu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi að hálfu Landsnets skal kostnaður vegna vinnslu varastöðva greiddast af Landsneti.“
- 0.21 Grein 7.4 hefur verið breytt. Hún var áður: „Sé gripið til varaafls á svæði tiltekinnar dreifiveitu vegna rekstrartruflana sem flokkast ekki undir tilvik nefnd í gr. 7.3, svo sem vegna veðurs, náttúruhamfara eða af völdum þriðja aðila, skal tilheyrandi kostnaður vegna vinnslu varastöðva greiddast af viðkomandi dreifiveitu.“
- 0.22 Grein 7.5 hefur verið breytt. Hún var áður: „Varaaflskostnaður vegna brottfalls virkjunar fyrstu 36 klukkustundir er innheimtur samkvæmt reglum um uppgjör jöfnunarorku.“
- 0.23 Grein 7.6 hefur verið breytt. Hún var áður: „Vinnsla varaafls í lengri tíma en 36 klukkustundir samkvæmt ósk ákveðins vinnslufyrirtækis vegna brottfalls virkjunar, er á kostnað vinnslufyrirtækisins og er sá kostnaður á varaafli sem Landsneti er gert að greiða sbr. gr. 8.1.“
- 0.24 Grein 8.1 hefur verið breytt. Hún var áður: „Landsnet gerir upp og greiðir varaafllsselfendum kostnað vegna varaafls og sér um innheimtu á kostnaði vegna vinnslu varastöðva, sbr. gr. 7.3 - 7.4. Landsnet greiðir varaafllsselfendum samkvæmt reikningi þeirra, enda séu þeir byggðir á raunkostnaði. Landsnet áskilur sér rétt til að gera athugasemdir og krefjast leiðréttingar á reikningum.“
- 0.25 Grein 8.2 hefur verið breytt. Hún var áður: „Uppgjör varaafls skal gert mánaðarlega. Landsnet skal senda upplýsingar um greiðsluskyldu eða inneign til aðila í síðasta lagi 20 dögum eftir lok uppgjörstímabils og eindagi reiknings skal vera 10 dögum eftir útgáfudag. Ef reikningur vegna greiðsluskyldu er ekki greiddur á eindaga leggjast dráttarvextir við höfuðstól kröfunnar samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.“
- 0.26 Grein 8.3 hefur verið felld brott. Hún var áður: „Frá því að aðili fær frá Landsneti reikning fyrir varaafli, eða tilkynningu um inneign vegna sölu varaafls, hefur hann 7 daga til að leggja fram athugasemdir vegna hugsanlegrar skekkju í uppgjöri.“
- 0.27 Grein 9.1 hefur verið breytt. Hún var áður: „Landsneti og varaafllsselfanda er skylt að byggja og starfrækja mannvirki og halda þeim við í samræmi við starfshætti góðra og vandaðra rekstraraðila og lagfæra án tafar allar misfellur og galla, sem valda eða geta valdið áhættu fyrir hinn aðilann eða þriðja aðila.“
- 0.28 Greinar 9.2 hefur verið fjarlægð. Hún var áður: „Landsnet ber aðeins ábyrgð á tjóni sem hlýst af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi Landsnets. Það er á ábyrgð tjónþola að gera viðeigandi ráðstafanir til að takmarka og koma í veg fyrir tjón. Misbrestur á slíkri ráðstöfun kann að takmarka þær skaðabætur sem tjónþoli kann að eiga rétt á.“
- 0.29 Grein 9.3 hefur verið fjarlægð. Hún var áður: „Landsnet ber ekki ábyrgð vegna óbeins eða afleidds tjóns, t.d. vegna hagnaðarmissis, afnotamissis og hindrunar varaafllsselfanda eða annarra á að fullnægja ekki skyldu gagnvart þriðja aðila.“

- 0.30 Grein 9.4 hefur verið fjarlægð. Hún var áður: „Verði vanefnd varaafsseljanda á því að afhenda þá raforku sem hann hefur skuldbundið sig til að afhenda á grundvelli samnings um öflun og uppgjör vegna varaafss þess valdandi að Landsnet eða aðrir sem tengdir eru flutningskerfinu verða fyrir tjóni, ber varaafsseljandi ábyrgð á því tjóni nema sýnt sé framá að það hafi verið af orsökum sem hann hafði ekki vald á.“
- 0.31 Grein 9.5 hefur verið fjarlægð. Hún var áður: „Landsnet er ekki ábyrgt vegna tjóns sem hlýst af rekstrartruflunum eða sem þriðji aðili veldur eða verður fyrir.“
- 0.32 Grein 11.1 hefur verið breytt. Hún var áður: „Ef varaafsseljandi vanrækir skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum, eða samningi um varaafsl, getur Landsnet krafist úrbóta. Verði varaafsseljandi ekki við kröfum Landsnets um úrbætur er Landsneti heimilt að rifta varaafssamningi án frekari viðvörunar eða óska eftir að Orkustofnun aðhafist á grundvelli VII. og VIII. kafla raforkulaga, sbr. einnig gr. 9.4.“
- 0.33 Grein 11.2 hefur verið breytt. Hún var áður: „Ef kaupandi varaafss vanrækir skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum er Landsneti heimilt að óska eftir að Orkustofnun aðhafist á grundvelli VII. og VIII. kafla raforkulaga.“

1. Inngangur

- 1.1 Skilmálar þessir eru settir á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum, reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga, reglugerðar nr. 1050/2004 um raforkuviðskipti og mælingar með síðari breytingum og reglugerðar nr. 513/2003 um kerfisstjórnun í raforkukerfinu.
- 1.2 Skilmálar þessir hafa verið staðfestir af ráðherra sbr. 6 mgr. 9. gr raforkulaga.

2. Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar gilda fyrir skilmála þessa:

- 2.1 *Raforkukerfi* er allur sá búnaður sem notaður er við vinnslu, flutning og dreifingu raforku og myndar starfræna heild.
- 2.2 *Reglunarafslmarkaður* er innkaupsmarkaður Landsnets fyrir reglunarafsl.
- 2.3 *Rekstrartruflun* er sjálfvirk útleysing, handvirkt rof sem ekki var gert ráð fyrir eða misheppnuð innsetning eftir bilun í raforkukerfinu.
- 2.4 *Uppreglun* á við þörf fyrir jákvætt reglunarafsl, þ.e. það afl sem þarf að bæta inn á kerfið þegar raunnotkun er meiri en áætluð notkun í raforkukerfinu í heild.
- 2.5 *Varaafsl* á við aflgetu tiltækrar virkjunar, sem ekki er fösuð við raforkukerfið, en hægt er að ræsa, fasa við kerfið og nýta að fullu innan ákveðinna tímamarka eftir að beiðni er send.
- 2.6 *Varaafssamningur* er samningur milli Landsnets og varaafsseljanda sem tryggir Landsneti aðgang að varaafsstöðvun varaafsseljanda.
- 2.7 *Varaafsseljandi* er rekstraraðili einnar eða fleiri varaafsstöðvar.
- 2.8 *Varaafsstöð* er virkjun sem einungis vinnur raforku tímabundið vegna bilunar eða truflunar í raforkukerfinu.
- 2.9 Virkjun er mannvirki sem notað er til vinnslu raforku. Tvær eða fleiri einingar sem mynda eðlilega heild og tengjast flutningskerfinu eða dreifikerfi gegnum sameiginleg tengivirki teljast ein virkjun
- 2.10 Virkjun er *ótiltæk*, ef hún er biluð eða í viðhaldi, annars er hún *tiltæk*, þ.e. tilbúin í rekstur.
- 2.11 *Vinnslufyrirtæki* er fyrirtæki sem stundar vinnslu á raforku eða hefur fengið virkjunarleyfi.

3. Almennt

- 3.1 Landsnet sinnir lögboðinni skyldu sinni um að tryggja öryggi og gæði við raforkuafhendingu, meðal annars með varaafssamningum við varaafsseljendur þess efnis að þeir tryggi aðgengi Landsnets að ákveðnum varaafsstöðvum. Í þeim samningum er tekið fram hversu mikið varaafli skuli tiltækt í hverri stöðvanna allt árið um kring og verð fyrir aðgengið. Enn fremur skal tilgreina í samningunum hvert er umsamið einingargjald á hverja kWh í varaafiskeyrslu.
- 3.2 Landsnet metur árlega á grundvelli ástands flutningskerfisins hvaða varaafsstöðvar gerður er varaafssamningur um. Ákvörðun Landsnets um slíka samningsgerð skal byggð á málefnalegum og hlutlægum sjónarmiðum. Það sem lagt er til grundvallar er (i) að viðkomandi varaafsstöðvar séu tengdar þar sem afhending frá flutningskerfi er einvörðungu í gegnum eina einingu flutningskerfisins og (ii) að varaafsstöðvarnar nýtist til að takmarka skerðingu annarrar orku en ótryggðrar.
- 3.3 Þær varaafsstöðvar sem gerður er varaafssamningur um skulu eingöngu notaðar í þeim tilvikum sem tilgreind eru í 5. og 6. greinum þessara skilmála. Landsneti er þó heimilt að gera undanþágu frá þessu. Ekki skal gripið til varaafis vegna notkunar sem er skerðanleg samkvæmt samningum viðkomandi dreifiveitu.

4. Tæknilegar kröfur til samningsbundinna varaafsstöðva

- 4.1 Varaafsseljandi skal tryggja að varaafsstöð sem hann rekur hafi á hverjum tíma aðgengilegt það varaafli sem um hefur verið samið við Landsnet. Enn fremur skal varaafsseljandi tryggja að hans varaafsstöðvar séu tengdar raforkukerfinu og komnar í fullan rekstur innan einnar klukkustundar frá því að boð um vinnslu koma frá stjórnstöð Landsnets.
- 4.2 Varaafsseljandi skal tryggja að varaafsstöðvar hans geti framleitt umsamið afl samfleytt í að lágmarki 36 klst.
- 4.3 Ef taka þarf varaafsstöð úr rekstri, t.d. vegna viðhalds, ber viðkomandi varaafsseljanda að sækja um það til stjórnstöðvar Landsnets með minnst 1 viku fyrirvara. Landsneti er heimilt að ákveða í samráði við varaafsseljandann annan tíma til viðhalds en sótt er um.
- 4.4 Ef varaafsstöð er ótiltæk vegna bilunar eða annarra ófyrirséðra atvika, ber viðkomandi varaafsseljanda að upplýsa stjórnstöð Landsnets um það eins fljótt og unnt er. Varaafsseljandinn skal einnig gera ráðstafanir svo fljótt sem unnt er til að lagfæra bilunina og gera varaafsstöðina tiltæka.

5. Notkun varaafis vegna flutningskerfisins og dreifikerfis

- 5.1 Landsnet tekur ákvörðun, í samráði við varaafsseljanda og dreifiveitu á viðkomandi veitusvæði, um vinnslu rafmagns með varaafsstöðvum þegar þörf er á vegna viðhalds í flutningskerfinu.
- 5.2 Landsnet og dreifiveita geta í sameiningu eða hvor aðili um sig tekið ákvörðun um að ræsa varaafsstöðvar þegar þörf er á vegna rekstrartruflana í flutningskerfinu.
- 5.3 Dreifiveita tekur ákvörðun, í samráði við varaafsseljanda og Landsnet, um vinnslu rafmagns með varaafsstöðvum þegar þörf er á vegna viðhalds í dreifikerfi.
- 5.4 Dreifiveita tekur ákvörðun um vinnslu varaafsstöðva þegar þörf er á vegna rekstrartruflana í dreifikerfi hennar.

6. Notkun varaafis vegna rekstrartruflana hjá vinnslufyrirtækjum

- 6.1 Landsnet tekur ákvörðun, í samvinnu við varaafsseljanda, um framleiðslu varaafsstöðva þegar þörf er á vegna rekstrartruflana hjá vinnslufyrirtækjum. Áður en til slíkrar framleiðslu er gripið skal viðkomandi vinnslufyrirtæki fullnýta möguleika sína til að mæta fráviki í vinnslu með

kaupum á jöfnunarorku, með skerðingu á ótryggðri orku og/eða með orkukaupum frá öðrum vinnslufyrirtækjum.

- 6.2 Leiði rekstrartruflun hjá vinnslufyrirtæki til þess að vinnsla virkjunar hans skerðist verulega eða alveg mun Landsnet svo fljótt sem auðið er útvega varaafli, ef þörf er á í allt að 10 klukkustundir. Í undantekningartilvikum getur vinnslufyrirtæki samið um útvegum varaafli í lengri tíma en 10 klukkustundir. Ekki er tryggt að varaaflið komi að öllu leyti í stað vinnslu virkjunarinnar.
- 6.3 Það varaafli sem Landsnet útvegar í þessum tilgangi er takmarkað við það varaafli sem Landsnet hefur til umráða á hverjum tíma að frádregnu því sem þegar er nýtt þá stundina vegna flutningskerfisins.

7. Ákvörðun varaaflskostnaðar aðila

- 7.1 Landsnet greiðir varaafllseljendum samkvæmt varaafllssamningi fyrir að varaafllsstöðvar séu tiltækar.
- 7.2 Kostnaður við vinnslu varaafllsstöðva vegna viðhaldsaðgerða í flutningskerfinu og í dreifikerfi skiptist milli aðila samkvæmt nánara samkomulagi.
- 7.3 Sé gripið til varaafli á svæði tiltekinnar dreifiveitu vegna rekstrartruflana í flutningskerfinu skal Landsnet greiða varaafllseljendum samningsbundið einingargjald á hverja kWh í viðkomandi varaafllskeyrslu.
- 7.4 Sé gripið til varaafli á svæði tiltekinnar dreifiveitu vegna rekstrartruflana í dreifikerfi eða af völdum þriðja aðila, skal tilheyrandi kostnaður vegna vinnslu varaafllsstöðva greiddast af viðkomandi dreifiveitu.
- 7.5 Varaafllskostnaður vegna brottfalls virkjunar fyrstu 10 klukkustundirnar er innheimtur samkvæmt reglum um uppgjör jöfnunarorku. Varaafli er í þessu tilviki meðhöndlað sem tilboð til uppreglunar á reglunarafllsmarkaði á samningsbundnu einingargjaldi.
- 7.6 Vinnsla varaafli í lengri tíma en 10 klukkustundir samkvæmt ósk ákveðins vinnslufyrirtækis vegna brottfalls virkjunar, er á kostnað vinnslufyrirtækisins, en Landsnet annast milligöngu um greiðslur í samræmi við gildandi greiðsluskilmála.

8. Uppgjör varaafli

- 8.1 Landsnet gerir upp og greiðir varaafllseljendum samkvæmt samningi kostnað vegna varaafli og sér um innheimtu á kostnaði vegna vinnslu varaafllsstöðva, sbr. gr. 7.1 - 7.6. Reikningar varaafllsseljanda skulu gerðir fyrir hvern almanaksmánuð og berast Landsneti í síðasta lagi 10 dögum eftir mánaðarlok. Í reikningi skal gerð grein fyrir hver ástæða varaafllskeyrslu var og yfir hvaða tímabil hún stóð yfir.
- 8.2 Uppgjör varaafli skal gert mánaðarlega. Landsnet skal senda reikning með upplýsingum um greiðsluskyldu eða inneign til aðila að jafnaði 10 dögum eftir lok uppgjörstímabils. Útgáfudagur reiknings og síðasti greiðsludagur skal vera samkvæmt gr. 6.7 í almennum skilmálum um flutning rafmagns og kerfisstjórnun.

9. Ábyrgð

- 9.1 Ákvæði almennra skilmála um flutning raforku og kerfisstjórnun (nr. A.1) varðandi ábyrgð skulu einnig gilda um öflun og uppgjör vegna varaafli.

10. Óviðráðanleg öfl

- 10.1 Ákvæði almennra skilmála um flutning rafmagns og kerfisstjórnun (nr. A.1) varðandi óviðráðanleg öfl skulu einnig eiga við um öflun og uppgjör vegna varaafli.

11. Brot á skilmálum

- 11.1 Ef annar samningsaðilinn vanrækir skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum, eða samningi um varaafli, getur gagnaðili krafist úrbóta. Við sannanlegt brot á skuldbindingum varaafllsseljanda falla niður greiðslur til varaafllsseljanda frá Landsneti. Verði varaafllsseljandi ekki við kröfum Landsnets um úrbætur er Landsneti heimilt að rifta varaafllssamningi án frekari viðvörunar eða óska eftir að Orkustofnun aðhafist á grundvelli VII. kafla raforkulaga, sbr. einnig gr. 9.1.
- 11.2 Heimilt er að óska eftir því að Orkustofnun aðhafist á grundvelli VII. kafla raforkulaga ef brotið er gegn skilmálum þessum.

12. Eftirlit og úrræði

- 12.1 Orkustofnun hefur eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum, reglugerðum og skilmálum þessum.
- 12.2 Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun ákvæða þessara skilmála skal í þeim tilvikum þar sem Orkustofnun hefur úrskurðarvald á grundvelli VII. kafla raforkulaga leita úrlausnar stofnunarinnar og úrskurðarnefndar raforkumála þar sem það á við. Heyri úrlausn ágreinings ekki undir Orkustofnun má vísa málinu til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur.

13. Tilvísanir

- 13.1 Varaafllssamningur.
- 13.2 A.1 Almennir skilmálar um flutning raforku og kerfisstjórnun.

Iðnaðarráðuneytinu, Reykjavík 7. apríl 2008

Fyrir hönd ráðherra

